

SAMÞYKKT

um breytingu á samþykkt um stjórn og fundarsköp Svalbarðsstrandarhrepps nr. 125/2021, með síðari breytingum.

1. gr.

14. gr. samþykktarinnar breytist og verður svohljóðandi:

Fjarfundir.

Heimilt er einstökum nefndarmanni að taka þátt í fundum sveitarstjórnar, ráða og nefnda með rafrænum hætti í gegnum fjarfundarbúnað skv. 4. mgr. 17. gr. sveitarstjórnarlaga ef hann er staddur innan sveitarfélags eða er á ferðum innanlands á vegum Svalbarðsstrandarhrepps, en að öðrum kosti skal kalla inn varamann.

Ef nefndarmaður, einn eða fleiri, taka þátt í fundi með fjarfundarbúnaði skal tryggja jafna möguleika allra fundarmanna til þátttöku á fundi og í atkvæðagreiðslu, óskerta möguleika þeirra til að fylgjast með því sem þar fer fram og öryggi samskipta milli fundarmanna.

2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 2. mgr. 40. gr. samþykktarinnar:

- a) 5. tl. um barnaverndarnefnd breytist og verður svohljóðandi: *Umdæmisráð barnaverndar.* Samkvæmt samningi um rekstur umdæmisráðs landsbyggða skipa aðildarsveitarfélögin fimm manna valnefnd sem fer með umboð sveitarfélaganna til skipunar í umdæmisráð barnaverndar. Skipunartími umdæmisráðs er fimm ár.
- b) Á eftir 5. tl. kemur nýr töluliður svohljóðandi, og breytist röð annarra töluliða samkvæmt því: *Barnaverndarþjónusta Eyjafjarðar.* Samkvæmt samningi um rekstur barnaverndarþjónustu Eyjafjarðar, sbr. auglýsingu nr. 798/2023, fer Akureyrarbær með verkefni barnaverndarþjónustu samkvæmt 10. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002 sem ekki eru falin öðrum.

3. gr.

Samþykkt þessi sem sveitarstjórn Svalbarðsstrandarhrepps hefur sett samkvæmt ákvæðum 9. og 18. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi.

Innviðaráðuneytinu, 8. febrúar 2024.

F.h.r.

Aðalsteinn Þorsteinsson.

Ólöf Sunna Jónsdóttir.